

Jónsmessunefnd
Sölvhólsvör, Sölvhólsögötu 7

9. október 2024

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Einar Þorsteinsson, Guðni Geir Einarsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hilda Hrund Cortez, Hermann Sæmundsson og Jóhanna Sigurjónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Undir fyrsta lið tóku jafnframt þátt í fundinum Svanhvít Jakobsdóttir og Anna Klara Georgsdóttir frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Erna Kristín Blöndal frá mennta- og barnamálaráðuneyti og Arnar Haraldsson, ráðgjafi hjá HLH ráðgjöf, vegna umræðu um áfangaskýrslu II um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. Þá sat undir fyrsta lið Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Undir öðrum lið tóku þátt í fundinum Hlynur Hreinsson og Hrafn Hlynsson frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Ásta Valdimarsdóttir, Guðrún Fanney Sigurðardóttir og Runólfur Birgir Leifsson frá heilbrigðisráðuneyti. Undir þriðja lið tóku þátt Jökull Heiðdal Úlfsson, formaður samninganefndar ríkisins og Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaganna.

1. Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. Áfangaskýrsla II – umræða.

Svanhvít Jakobsdóttir frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti kynnti skýrsluna og tillögur starfshópsins. Félagsmálaráðherra er með tillögurnar til skoðunar og er þegar hafin vinna af hans hálfu varðandi framhald vinnunnar og að setja tillögurnar í ferli. Gera má ráð fyrir að þetta verði unnið tiltölulega hratt á næstu 2-3 vikum. Ráðuneytin þurfa að ræða saman um sína aðkomu og í framhaldi af því verða tekin samtöl við sveitarfélögin. Gera einnig ráð fyrir að verði rætt í ráðherranefnd um ríkisfjármál og um samhæfingu mála.

Fulltrúar sveitarfélaga lögðu fram minnisblað þar sem lagðar voru fram og kynntar tvær tillögur um forgangsroðun í samningum sveitarfélaga um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks og barna með fjölþættan vanda. Farið var fram á að samningaviðræður hefjist sem fyrst.

AP kemur minnisblaðinu á framfæri við ráðherra. Mikill vilji til að vinna þetta hratt og vel.

EKB leggur til að þau fái samtalið við FJR og að þau geti svo tekið málið áfram. EKB fær umboð til að fara í sprett með aðgerðina um fjölþætta vandann.

2. Kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Hrafn Hlynsson frá FJR kynnti breytt fasteignafyrirkomulag hjúkrunarheimila. Kynnti tölfræði varðandi stöðuna í dag og þörf fyrir öldrunar- og heilbrigðisþjónustu.

Rætt um hvernig yfirfærslu fasteigna skuli háttað. FJR nefna að þegar grunnskóli færðist til sveitarfélaga á sínum tíma var eignarhluti ríkissjóðs í húsnæði skólanna afskrifaður yfir 15 ára tímabil. Ábyrgð á viðhaldi og rekstri færðist þá einnig til sveitarfélaga.

Rætt að FJR komi með frekari tillögur varðandi breytt fasteignafyrirkomulag hjúkrunarheimila sem hægt verði að fara hratt í að útfæra. Fulltrúar sveitarfélaga fara fram á að fá tillögur FJR til að yfirfara og rýna. Tökum um þetta samtal í kjölfarið.

3. Kjaramál.

Jökull Heiðdal Úlfsson, formaður samninganefndar ríkisins og Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaganna fóru yfir stöðu kjaraviðræðna.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundurinn stóð yfir frá kl. 13 - 14:45.